

Ár 1998, þriðjudaginn 3. nóvember var Kjaradómur settur að Kalkofnsvegi 1 í Reykjavík og haldinn af Garðari Garðarssyni, Jóni Sveinssyni, Magnúsi Óskarssyni, Margréti Guðmundsdóttur og Þorsteini Júlífussyni.

Fyrir var tekið:

**Að ákvarða þóknun til nefndar um dómarastörf sbr.
23. grein laga um dómstóla nr. 15/1998.**

Með lögum nr. 15 frá 25. mars 1998 voru gerðar verulegar breytingar á allri skipan dómstóla á Íslandi. Er dómurum óheimilt að taka að sér starf hjá félagi eða atvinnufyrirtæki ef slíkt fær ekki samrýmst stöðu þeirra auk þess sem skorður eru settar við aukastörfum þeirra öðrum. Jafnframt eru settar skorður við eignarheimildir þeirra. Ennfremur eru dómarar nú settir undir n.k. aganefnd þar sem m.a. almenningur getur sett fram kvartanir, telji hann á sig hallað í starfi eða framferði dómara. Samkvæmt lögunum eru settar á stofn nokkrar fastar nefndir til að hafa yfirumsjón með tilteknum þáttum þessa verks eða annast þá. Sú nefnd er annast framangreind verk og fleiri skv. lögunum kallast nefnd um dómarastörf og er þriggja manna nefnd sem dómsmálaráðherra skipar skv. reglum í 23. grein laganna. Helstu verkefni nefndarinnar eru talin upp í 26 – 28. grein laganna, en auk þess er að finna ákvæði um verkefni nefndarinnar í fleiri greinum laganna.


Í 4. mgr. 23 gr. laganna segir að Kjaradómur skuli ákveða þóknun fyrir setu í nefndinni. Er það nýlunda að Kjaradómi skuli falið að ákvarða þóknun fyrir setu í nefndum og ráðum, en slik mál flest hafa verið falin svokallaðri Póknananefnd. Hefur sú nefnd komið sér upp staðli með einingum sem nefnast þóknanaeiningar. Eru þá ákvarðaðar tilteknar einingar fyrir setu í nefndum og ráðum á vegum ríkisins og eru þær einingar að jafnaði óbreyttar á líftíma nefndar eða ráðs, en grunnfjárhæð að baki hverrar einingar tekur hins vegar breytingum reglulega skv. ákvörðun Póknananefndar, sem hefur almenna launaþróun til viðmiðunar við breytingar. Hver eining er nú kr. 1040,96.


Kjaradómur hefur ekki haft slíkar einingar til viðmiðunar í launaákvörðunum sínum. Það þykir hins vegar til samræmingar og auðvelda alla framkvæmd að ákvarða þeim nefndum og ráðum, sem Kjaradómi er ætlað að ákvarða umbun fyrir störf sín, þóknanir í einingum er jafngilda einingum Póknananefndar. Ákvarðar Kjaradómur þá fjölda eininganna, en fjárhæð að baki hverri einingu skal vera sú sama og Póknananefnd ákveður á hverjum tíma og taka sömu breytingum og Póknananefnd ákveður á hverjum tíma.


Verkefni nefndarinnar verða óhjákvæmilega mikil í upphafi, meðan verið er að móta starfið og þær reglur sem farið verður eftir í framtíðinni. Í nefndum og ráðum lendir að jafnaði mun meiri vinna á formönnum þeirra en öðrum nefndar- eða ráðsmönnum. Eru þóknanir til formanna að jafnaði hærri en annarra nefndar- eða ráðsmanna.

Eins og hér háttar þykir eðlilegt að ákvarða nefndinni þóknun fyrir starfa sinn þannig, að þóknun fyrir tímabilið frá 15. maí 1998 til 30. júní 1999 skal vera 60 einingar á mánuði til formanns og 30 einingar til annarra nefndarmanna. Frá 1. júlí 1999 og þar til annað verður ákveðið skal þóknun formanns vera 45 einingar á mánuði og annarra nefndarmanna vera 20 einingar á mánuði. Þóknunin greiðist alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfum. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á téðar einingar.


Garðar Garðarsson
formaður


Jón Sveinsson


Magnús Óskarsson


Margrét Guðmundsdóttir


Þorsteinn Juliusson